Söngur veiðimannsins (Fallerí)

Texti: Gylfi Ægisson

Lag: Gylfi Ægisson

Nú held ég bara þessu hætti og haldi heim á leið, fallerí fallera
Hér er fátt um fína drætti, ég fyrir þessu kveið, fallerí fallera.
Ég held ég komi við hjá ömmu, hún kaffisopa gefur mér
og svolítið kannski saman við sem til frásagnar ekki er,
fallerí, fallera..fallerí falle ralleralera.

Já, amma hún er indæl mær, ég finn hjá henni frið, fallerí fallera.
Ég væri orðinn ellær ef hennar nyti´ ei við, fallerí fallera.
Kaffisopa, kleinuhringi og kökur henni fæ ég hjá
og kannski líka brjóstbirtu burtu hroll að ná,
fallerí, fallera..fallerí fallí ralliralliRa.

Höfundaskráning: https://glatkistan.com/2015/01/19/gylfi_aegisson_efni_a_plotum/

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.